

Athugasemd

við minnisblað Environice um ráðstöfun dýraleifa, mars 2023

Í minnisblaði um dýraleifar sem Environice vann fyrir SSV í mars 2023 er að finna túlkun á skyldum sveitarfélaga hvað varðar söfnun og ráðstöfun dýraleifa.¹ Við nánari athugun virðist þessi túlkun hafa verið of rúm, sbr. útskýringar hér að neðan.

Eins og fram kemur í umræddu minnisblaði falla dýrahæ ekki undir lög um meðhöndlun úrgangs, sbr. c-lið 2. gr. lagaanna, (sjá neðar). Skv. 3. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nr. 737/2003, falla dýrahæ hins vegar undir skilgreininguna á landbúnaðarúrgangi og þar með undir úrgangslöggjöfina. Þetta reglugerðarákvæði virðist skorta lagaheimild og í drögum að nýrri reglugerð er það farið út. Því er eðlilegt að líta svo á að dýrahæ falli ekki undir lög um meðhöndlun úrgangs og því beri sveitarfélög enga ábyrgð á söfnun og ráðstöfun þeirra, öfugt við það sem ályktað var í minnisblaðinu.

Samkvæmt b-lið 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 eru dýrahæ ekki einu dýraleifarnar sem falla ekki undir lögin, heldur gildir þetta einnig um aðrar aukaafurðir úr dýrum, nema þær eigi að „fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð“. Þetta þýðir m.a. að sveitarfélögum ber ekki skylda til að ákveða fyrirkomulag söfnunar á þessu efni. Þau ættu jafnvel ekkert að koma að þessu nema í þeim tilvikum þar sem þau eru rekstraraðilar (sjálf eða í gegnum byggðasamlög) að brennslustöðvum, urðunarstöðum, gasgerðarstöðvum eða jarðgerðarstöðvum.

Lagatextinn sem um ræðir er svohljóðandi (2.gr. (með áherslu á liði b og c)):

Lögin taka enn fremur ekki til eftirfarandi atriða að því marki sem þau falla undir aðra löggjöf hér á landi:

- skólps,
- aukaafurða úr dýrum að undanteknum þeim sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð,
- hræja af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun, þ.m.t. dýr sem hafa verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum, og sem er fargað í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim,

Hugsanlega er hægt að rökstyðja að ákvæði núgildandi reglugerðar setji einhverja ábyrgð á herðar sveitarfélaga hvað dýraleifar varðar, en sem fyrr segir virðast þessi ákvæði ekki eiga stoð í lögum og myndu því væntanlega ekki halda fyrir dómi.

Það að dýraleifar falli ekki undir úrgangslöggjöfina þýðir ekki sjálfkrafa að sveitarfélögin beri enga ábyrgð á málaflokknum, enda snýst verksvið þeirra um fleiri málaflokka en úrgang. Við stutta leit fundust þó engin lagaákvæði sem kveða á um ábyrgð sveitarfélaga hvað þetta varðar. Æskilegt væri að kalla fram lögfræðilegt álit á þessu atriði til að draga úr óvissu, enda skiptir það sveitarfélögin miklu máli hverjar raunverulegar skyldur þeirra eru gagnvart málaflokknum.

Tekið saman 9. maí 2023

Stefán Gíslason

Environice

¹ Environice (2023): *Minnisblað um ráðstöfun dýraleifa, þ.m.t. um ábyrgð sveitarstjórna og mögulegar úrvinnsluleiðir.* <https://ssv.is/frettir/minnisblad-um-radstofun-dyrleifa>.